

## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2012

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

SIÐ102 Siðfræði

## Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

(á ekki við)

## Undanfari

Enginn

## Lýsing á efni áfangans:

Siðfræði er hagnýt heimspeki. Hvernig er hægt að vita hvernig maður á að taka siðferðilegar ákvarðanir? Getur maður ekki ákveðið sjálfur hvað er rétt og hvað er rangt? Í áfanganum verður fjallað um helstu siðfræðikenningar og afstæðishyggju. Við það komast nemendur í kynni við klassísk rit eftir spekinga á borð við Aristóteles, Kant og Mill, auk nútímahöfunda. Nemendur tileinki sér jafnframt fræðilegar aðferðir og vinnubrögð í heimildavinnu, skrifi ritgerð um siðferðislegt álitamál og færi rök fyrir afstöðu sinni.

## Kennslugögn:

Heimspekisaga eftir Gunnar Skirbekk og Nils Gilje; ýmsar kvikmyndir

## Námsmat:

Ýmis verkefni og próf (70%); drög að lokaritgerð (10%); lokaritgerð (20%)

Lokamarkmið áfanga:

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- helstu stefnum í siðfræði
- hugmyndum nokkurra þekktra heimspekinga um siðfræði
- nokkrum þekktum siðfræðiritum
- mismunandi nálgun við viðfangsefni siðfræðinnar
- hagnýtu gildi siðfræðinnar

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja umfjöllun um siðferðileg efni
- beita hugökum siðfræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
- skoða sín eigin siðferðisgildi
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um siðferðileg álitamál
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- gera sér grein fyrir ólíku gildismati og áhrifum þess á siðferði
- gera sér grein fyrir mikilvægi siðferðilegrar umræðu
- afla sér upplýsinga um siðfræðileg málefni, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
- geta áttað sig á því hvenær málefni krefjast siðfræðilegrar umfjöllunar